# Hvernig á að senda rafræna reikninga á XML formi til Isavia?

*Leiðbeiningar fyrir birgja sem eru ekki með rafrænt bókhaldskerfi*

## Gott að vita:

- Birgja þurfa að hafa aðgang að InExchange til að geta sent rafræna reikninga. Aðgang stofna birgjar sér að kostnaðarlausu inn á https://inexchange.is/ og fylgir honum 100 fríar rafrænar reikningasendingar á ári.
- Reikningar skulu uppfylla þær kröfur sem ***viðskiptaskilmálar*** Isavia taka á: https://www.isavia.is/fyrirtaekid/vidskiptavinir/innkaup/stadfesting-a-vidskiptaskilmalum

## Skref fyrir skref…

| Mynd | Útskýring/ aðgerð |
|---|---|
|  | Farið er inn á síðu InExchange, https://inexchange.is/, og notandi skráir sig inn. |
|  | Hægt er að velja að ,,Senda prufureikning,, til þess að sjá hvernig svæðið lítur út.<br><br>Eða fara beint í ,,Búa til reikning,, |




Næst er að fylla út reikningsupplýsingar!

**1**. Velja viðskiptamann
**2**. Ef verið er að skrá nýjan viðskiptamann birtist gluggi sem þarf að fylla út í og að lokum „Vista“.
**3**. Fylla út í viðeigandi reiti:

- Númer reiknings
- Setja inn gjalddaga/eindaga
- Velja hvort upphæðin sé með eða án VSK o.fl. sem sendandi reiknings getur valið.
- Setja inn þær upplýsingar sem ***viðskiptaskilmálar*** Isavia taka á.

**4**. Síðan er reikningur sendur með því að ýta á ,,Halda áfram,, og fara síðan í ,,Vinna reikning,,







Þetta umhverfi birtist þegar búið er að ýta á ,,Vinna reikning,, En þar er hægt að skoða/vinna með ýmislegt eins og:

- Skoða drög
- Skoða senda reikninga
- Skoða móttekna reikninga og margt fleira

| | |
|---|---|
|  | Einnig er auðveldlega hægt að gefa út kreditreikning, þá er valið „Breyta í kreditreikning“ |

## Frekari aðstoð

*Ef við getum á einhvern hátt aðstoðað endilega hafið samband með því að senda póst á bokhald@isavia.is eða heyrið beint í InExchange í síma 415-1000 eða sendið póst á netfangið inexchange@inexchange.is*